

Hvað er einelti?

Það er einelti þegar einn eða fleiri beita einstakling endurteknu líkamlegu eða andlegu ofbeldi eða útskúfun. Allar ábendingar um einelti eru teknar alvarlega.

VINNUFERLI þegar upp kemur grunur um einelti í Fossvogsskóla.

Nemandi/foreldri eða annar tilkynnir starfsmanni skólans um einelti.

Umsjónarkennari

- Ræðir við þolanda.
- Ræðir við meinta gerendur.
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans.
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum.
- Ræðir við foreldra þolenda og gerenda.

Ef um einelti er að ræða fer eftirfarandi í gang:

Aðgerðateymi hefur samband við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og gerenda, kennara sem kenna bóklegar greinar og verklegar greinar, stuðningsfulltrúa, skólaliða, starfsfólk í matsal og á bókasafni.

Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs, Skóla- og frístundasviðs eða Fjölskyldumiðstöðvar.

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láta vita ef eineltið heldur áfram.
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu. Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og gerenda.
- Bekkjarmundir um einelti og samskipti eða önnur fræðsla.
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur og gerendur.